VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

# Skuldir, skattar og útgjöld

## Áherslur ríkisfjármála næstu árin

**Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs**
18. september 2015

# Útlit er fyrir svigrúm í opinberum fjármálum í fyrsta sinn frá falli fjármálakerfisins

## Afkoma hins opinbera (ma. kr. ,verðlag 2014)[1]




1 Tölur eru námundaðar að tug.
2 Afgangurinn er áætlaður út frá spá Seðlabanka Íslands um afkomu ríkissjóðs. Sú breyting er gerð að útgjöldum er haldið föstum og útgjaldafráviki samkvæmt spánni er þess í stað bætt við afkomuspána. Það er gert til að sýna hve mikill afgangur er til ráðstöfunar áður en til útgjaldaaukningar kemur.

# Huga þarf að heildaráhrifum og tímasetningu þegar kemur að ráðstöfun afgangs af opinberum rekstri

| | Áhrif | | |
|---|---|---|---|
| **Valkostur** | Langtíma-hagvöxtur | Kaupmáttur einstaklinga | Efnahagslegur stöðugleiki |
| **1 Niðurgreiðsla skulda** | ✓ | ✓ | ✓ |
| **2 Lækkun skatta** | ✓ | ✓ | ~ |
| **3 Aukning útgjalda** | ~ | ✗ | ✗ |

# Yfirlit

**1. Skuldir**

2. Skattar

3. Útgjöld

Fjárlög 2016

# Þrátt fyrir ágætar horfur er ríkissjóður enn verulega skuldsettur og vaxtakjör óhagstæð

Skuldir (hlutfall af VLF) og vaxtakjör ríkissjóðs




1 Fyrir Ísland er miðað við tölur fjármála- og efnahagsráðuneytis um stöðu ríkissjóðs (2015). Fyrir önnur Norðurlönd er miðað við nýjustu fyrirliggjandi tölur frá Alþjóðabankanum (2012 eða 2013 eftir atvikum)
2 Ávöxtunarkrafa 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: Alþjóðabankinn; Hagstofa Íslands; Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð; Trading Economics

# Það kemur því ekki á óvart að vaxtabyrði hins opinbera er sú þyngsta í Evrópu

Vaxtakostnaður hins opinbera (hlutfall af VLF, 2014)



# Hröð öldrun þjóðarinnar eykur enn frekar nauðsyn þess að skuldahlutfall verði lækkað hratt

## Ellilífeyrisþegar sem hlutfall af vinnandi einstaklingum[1]




1 Ellilífeyrisþegar, 67 ára og eldri, sem hlutfall af fólki á vinnufærum aldri, 25-67 ára

# Niðurgreiðsla skulda hefur jákvæð efnahagsleg áhrif sem gerir frekari niðurgreiðslu auðveldari



# Ríkissjóður ætti því að nýta allar tiltækar leiðir til að létta skuldabyrði sína

1. **Kerfisbundinn afgangur af rekstri**
2. **Endurskipulagning efnahagsreiknings (sala eigna)**
3. **Efling skilyrða fyrir hagvexti**



# Yfirlit

1. Skuldir

**2. Skattar**

3. Útgjöld

Fjárlög 2016

# Skattar eru með stærstu hagsmunamálum viðskiptalífsins – verulegur hluti verðmætasköpunar fer til hins opinbera

Skattar og verðmætasköpun (ma. kr. / hlutfall af heild, 2014)




1 Áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014

# Fjárlagahallinn var að mestu brúaður með sköttum og álagning helstu skattstofna hefur hækkað mikið

## Aðlögun í opinberum rekstri og breyting helstu skattstofna

### Bæting afkomu ríkissjóðs

Ma. kr. / hlutfallsleg skipting (frá 2009 til 2014)[1]




### Skattabreytingar

Dæmi um álagningarhlutfall lykilskatta, prósent




1 Verðlag 2014
2 Tekjuskattur einstaklingar í efsta þrepi og útsvar

# Samtals hafa verið gerðar 176 breytingar á skattkerfinu undanfarin ár, þar af 132 skattahækkanir




- Samtals hafa **176 skattbreytingar átt sér stað** frá árinu 2007[1]
- Þær skiptast í **44 skattalækkanir og 132 skattahækkanir**

1 Viðskiptaráð Íslands gerir árlega úttekt á skattkerfisbreytingum, nýjustu úttektina má nálgast hér: http://vi.is/malefnastarf/frettir/176-breytingar-a-skattkerfinu-fra-arinu-2007/

# Vísbendingar eru um að skattkerfið sé farið að standa framleiðni og langtímaverðmætasköpun fyrir þrifum

**Háskólamenntun skilar einungis 16% tekjuaukningu samanborið við 25-40% á öðrum Norðurlöndum**

Laun, vísitala (100 = grunnskólapróf)[1]




**Skattar á fjármagnstekjur taka ekki tillit til verðbólgu og leggjast því þungt á sparnað**

Eiginlegur skattur á áhættulausar fjárfestingar (%)[2]




1 Miðgildi tekna innan hvers hóps, 18-64 ára
2 Hlutfallsleg skattbyrði af raunávöxtun (nafnávöxtun leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum)
Gert er ráð fyrir að verðbólga sé jöfn meðalverðbólgu frá aldamótum í hverju ríki (5,8% á Íslandi og 1,9% á öðrum Norðurlöndum).
Gert er ráð fyrir að ávöxtun áhættulausrar fjárfestingar sé jöfn meðalvaxtastigi frá aldamótum í hverju ríki (8,1% á Íslandi og 3,9% á öðrum Norðurlöndum).

Heimild: Eurostat; Norðurlandaráð, Skattayfirvöld á Norðurlöndum, útreikningar Viðskiptaráðs Íslands

# Þá er ljóst að bróðurpartur almennings telur núverandi skattbyrði vera of háa

*Þegar þú hugsar um þína persónulegu skattbyrði, telur þú hana vera of háa, of lága eða hæfilega?*



# Með hliðsjón af efnahagsaðstæðum ætti að leggja áherslu á lækkun tryggingagjalds og fjármagnstekjuskatts

**Skattar á Íslandi**
Hlutfallsleg skipting (%)




## Skattar á vinnu

- Megináhersla á **lækkun tryggingagjalds**, **lækkun jaðarskatta** og **minni stigvaxandi** skattbyrði
- Efnahagsleg áhrif væru **minni verðbólguþrýstingur** og **aukinn hvati til menntunar**

## Skattar á fjármagn

- Megináhersla á **lækkun fjármagnstekjuskatts** eða skattlagningu **raunávöxtunar**
- Efnahagsleg áhrif væru **aukin fjárfesting og þjóðhagslegur sparnaður**

Heimildir: Ríkisreikningur 2014; greining Viðskiptaráðs Íslands

# Yfirlit

1. Skuldir

2. Skattar

**3. Útgjöld**

Fjárlög 2016

# Vægi hins opinbera í íslensku samfélagi hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum áratugum

## Umfang hins opinbera (opinber útgjöld hlutfall af VLF)[1]




1 Árið 2008 er leiðrétt fyrir 170 ma. kr. framlagi ríkissjóðs til endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands

# Þrátt fyrir að aðhalds hafi verið gætt á undanförnum árum má velta fyrir sér varanleika þeirra rekstraraðlögunar

Aðlögun í rekstri hins opinbera (skipting bættrar afkomu ríkissjóðs frá 2009 til 2014 vegna aukinna skatttekna og lægri útgjalda, ma. kr. á verðlagi 2014)



# Opinberum stöðugildum fjölgaði um 29% frá aldamótum á sama tíma og stöðugildum í einkageira fækkaði um 7%

Fjöldi stöðugilda (vísitala, 2000 = 100)



# Aðlögun á samdráttarárunum fór fyrst og fremst fram í gegnum almennan vinnumarkað

Uppsagnir í kjölfar falls fjármálakerfisins (hlutfallsleg fækkun stöðugilda, 2010 samanborið við 2008)



# Umfangsmikil tækifæri eru til að veita opinbera þjónustu með hagkvæmari hætti í stærstu málaflokkunum

| Málaflokkur | Tækifæri til aukinnar framleiðni | **Útgjöld** ma. kr. |
|---|---|---|
| 1 **Menntun** | Bæta kennslu og auka hagkvæmni á fyrri skólastigum | 150 |
| 2 **Velferð** | Hjálpa fleiri einstaklingum að komast út á vinnumarkað að nýju | 130 |
| 3 **Heilbrigði** | Ráðast í fyrirliggjandi kerfisbreytingar sem auka hagkvæmni í rekstri | 110 |
| 4 **Innkaup** | Auka sameiginleg innkaup ríkis og sveitarfélaga til að bæta kjör | 100[1] |

1 Útgjöld vegna innkaupa ná einungis yfir ríkið, ekki sveitarfélög

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðurneytið; Samband íslenskra sveitarfélaga; Ríkisendurskoðun; áætlun Viðskiptaráðs

# Tillögur hagræðingarhópsins eru jafnframt góður leiðar-vísir sem hefur verið vannýttur fram til þessa

Framvinda innleiðingar (tillögur hagræðingarhópsins, áætlun Viðskiptaráðs haustið 2014)[1]




1 Einungis eiginlegar hagræðingartillögur eru taldar með. Byggt er á upplýsingum sem liggja fyrir opinberlega. Tillögur sem fela í sér almenn markmið eða skerðingu á opinberru þjónustu eru undanskildar.

# Þá er stefna stjórnvalda á skjön við vilja almennings þegar kemur að fjármögnun margvíslegrar starfsemi

*Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér að ríkissjóður ætti að fjármagna starfsemi...*



# Yfirlit

1. Skuldir

2. Skattar

3. Útgjöld

**Fjárlög 2016**

# Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fjármagna auknar skattheimtur vaxandi launakostnað ríkisins

## Breyting afkomu ríkissjóðs (ma. kr. / hlutfallsleg breyting)




1 Inniheldur veiðigjald
2 Áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins á áhrifum skattkerfisbreytinga í fjárlögum 2016
3 Inniheldur lífeyrisskuldbindingar
4 Inniheldur vaxtakostnað sem lækkar um 2 ma. kr. á milli ára
5 Inniheldur einnig aðrar tekjur, sem lækka um 0,6 ma. kr. á milli ára

# Hröð lækkun skulda er fagnaðarefni en stjórnvöld hefðu mátt ganga lengra varðandi sölu eigna

1 **Skuldir**

2 Skattar

3 Útgjöld

- Fagnaðarefni að gert sé ráð fyrir að **heildarskuldir ríkissjóðs verði komnar niðurfyrir 60%** árið 2019 án þess að tekið sé að fullu tillit til stöðugleikaframlags
- Jákvætt að stefnt sé að sölu á 30% hlut í Landsbankanum en **ganga hefði mátt lengra í áætlunum um eignasölu**
- Jákvæð teikn á lofti varðandi **ófjármagnaðar skuldbindingar LSR**
- Gríðarlega mikilvægt að stjórnvöldi standist freistnivandann og nýti allt svigrúm sem stöðugleikaframlag/skattur skapar **til niðurgreiðslu skulda.**

# Stjórnvöld hefðu átt að ganga lengra í skattalækkunum og slá meira afgerandi tón um framhaldið

1 Skuldir

2 **Skattar**

3 Útgjöld

- Þær skattabreytingar sem eiga sér stað eru jákvæðar og tímabærar, **einkum útfrá markmiði um einföldun skattkerfisins**
  - Afnám tolla og afnám milliþreps á tekjuskatti launa
- Umfang skattalækkana veldur vonbrigðum. Þannig **skila stjórnvöld einungis um fjórðungi af þeim tekjuauka** sem hagfelldari efnahagsskilyrði skapa
- Sérstök **vonbrigði að ekki sé gengið hraðar til verks við lækkun tryggingagjalds**. Þá eru engar fyrirliggjandi áætlanir um endurskoðun fjármagnstekjuskatts.

# Mikil hækkun launakostnaðar er áhyggjuefni og af tóni frumvarpsins má ætla að aðhaldsstímabili sé lokið

1 Skuldir

2 Skattar

3 **Útgjöld**

- Mikil **hækkun launakostnaðar er áhyggjuefni** og endurspeglar hversu miklar umsamdar launahækkanir opinberra starfsmanna hafa verið
  - Kostnaðinn auk þess vanmetinn þar sem tölur hafa ekki verið uppfærðar í takt við niðurstöðu Gerðardóms
- Af tóni frumvarpsins **má ætla að aðhaldstímabili í ríkisrekstri sé lokið**. Þetta telur Viðskiptaráð ótímabært enda mikil tækifæri til frekari hagræðingar
  - Hlutfall samneyslu er yfir 24% sem er vel yfir meðaltali OECD

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

